

## Stjórnarfundur FHB 23. apríl 2012

### haldinn í Bændahöllinni kl. 13

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og Ólafur Einarsson meðstjórnandi ásamt Huldu G. Geirsdóttur framkvæmdastjóra sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fundinn og fór yfir **fundarferð** sína um landið með hrossaræktarráðunauti. Sagði nánast alla hafa verið sátta við nýja hugmynd um kynbótasýningar á landsmóti og hefur hún núna verið samþykkt af fagráði. Stefnt er að því að gera prufu á þessu til tímamælinga í Víðidalnum í júní.

Kristni fannst ríkja ágætis sátt í fundarferðinni og sagðist telja fundina góða leið til samskipta við grasrótina. Þeir Guðlaugur komu víða við og fannst góður hugur í fólki.

Kristinn sagði einnig frá **aðalfundi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands** sem hann sótti á dögunum þar sem Guðmar Þór Pétursson flutti erindi um markaðsmál. Mjög dræm aðsókn var á fundinn sem Kristni fannst mjög miður og telur sérstakt í ljósi þess hve umræðan um slæma stöðu á markaði virðist vera mikil. Fullt hefur verið út úr dyrunum á fundum um kynbótamál, en þegar markaðsmálin eru til umræðu þá er áhuginn ekki meiri en þetta. Erindi Guðmars var fróðlegt og margt þar sem nýst gæti hestamönnum.

Af **fagráði** er það helst að fréttu að ofangreind tillaga um sýningarfyrikomulag á landsmóti var samþykkt. Einnig samþykkti fagráð að heimila hvorki verðlaunaveitingar né landsmótsþátttöku á kynbótahross sem merkt eru með rauðu S eða T í WorldFeng. Ekki verður óheimilt að mæta með slík hross í dóm, en fagráð er þó sammála því að ekki skuli hampa í hæstu hæðir hrossum sem ekki uppfylla ræktunarmarkmiðið sem er m.a. "að rækta heilbrigð hross." Þetta eru sem betur fer fá hross, en þau eru gölluð.

Kristinn sagði að vissulega hefði verið betra að kynna þessa ákvörðun að hausti, en fagráðinu fannst ekki stætt að bíða með þetta lengur og því voru þessar reglur gefnar út nú.

Stuttlega rætt um kynbótasýningar framundan, en fyrsta sýning ársins er afstaðin á Sauðárkróki.

**Landsmót** - fundarmenn fóru yfir útgefna dagskrá mótsins og gerðu þar athugasemdir sem Kristni var falið að fylgja eftir. Einnig rætt um **Hestatorg** og Huldu falið að vinna það mál áfram í samvinnu við LH og aðra þátttakendur verkefnisins.

Jón Baldur Lorange frá **WorldFeng** mætti til fundar. Hulda rakti söluvefsmálin og niðurstöðu könnunar á því máli, en á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að skoða áhuga hrossasöluáðila á því að opna einn miðlægan sölugrunn fyrir hross á Íslandi. Hulda sendi spurningalista á tæplega 30 aðila sem stundað hafa nokkuð öflugan hestasölu á netinu og var svörun frekar dræm, eða níu sem svöruðu og sagði Hulda það merki um lítinn áhuga á málinu. Hulda fór yfir svörin þar sem flestir töldu ekki þörf á slíkum grunni og að þeir myndu ekki greiða fyrir skráningar inn á slíkan sölugrunn. Hins vegar voru allir á því að það myndi vera frábær viðbót við WorldFeng ef hesteigendur gætu merkt hesta til sölu í gegnum heimaréttina sem og hlaðið inn myndum sjálfir, sem og tenglum á myndbönd og heimasíður. Í ljósi þessara niðurstaðna hefur stjórn FHB ákveðið að leggja hugmyndir um miðlægan sölugrunn til hliðar, a.m.k. í bili og óska eftir því við WorldFeng að farið verði í áður nefnda þróun á WF, með stuðningi FHB. Jón Baldur tók málinu vel og munu þau Hulda vinna það áfram.

Einnig var rætt um **skráningar á kynbótasýningar** á vefnum. Verið er að leggja lokahönd á skráningarkerfi í beinum tengslum við WorldFeng. Þar gætu hesteigendur skráð í gegnum vefinn og gengið frá greiðslu og um leið færu allar upplýsingar inn í WF.

**Umsókn í þróunarfjársjóð.** Hulda sagðist hafa sent inn umsókn um styrkt til endurprentunar á kynningarefni félagsins, en bæklingarnir, bæði stóru og litlu, eru á þrotum. Fáist styrkur verða þeir endurprentaðir strax, enda mikið notaðar og vinsælir í kynningar- og markaðsstarfi íslenska hestsins.

Sigbjörn rakti helstu niðurstöður **Búnaðarþings 2012** og þá sérstaklega búnaðargjaldið. Samkvæmt skýrslu Sigurðar Línadal lagaprófessors er gjaldtakan í núverandi mynd ólögleg og henni verður að breyta. Sigbjörn kynnti einnig álit lögfræðings BÍ um málið, en það má sjá í skýrslu Búnaðarþings. Sigbjörn mun fylgjast með málinu áfram ásamt Erni Bergssyni á Hofi í Örafum og Hulda verður þeim til aðstoðar.

**Rekstur kynbótasýninga** - Kristinn ræddi um að svo virðist sem erfitt sé að reka kynbótasýningar réttum megin við núllið. Málið rætt frá ýmsum hliðum. Vignir hafði tekið saman tölur um rekstur sýninga og miðað við nýjustu hækkun sýningargjalds er samt enn um 1000 kr. tap per hest í sýningu, en sparnaður ætti að nást við skráningar í gegnum vefinn. Svo verða sýningahaldarar að leitast við að spara alls staðar sem hægt er.

Menn veltu fyrir sér hvað væri til ráða og Kristinn velti því upp hvort ekki þurfi að skoða hvort nóg sé að nota bara tvo dómara. Komi til ágreinings þá hafi formaður dómnefndar sterkara vægi. Skiptar skoðanir á þessu meðal fundarmanna, en allir sammála um að þetta þurfi að skoða vel.

Sigbjörn sagði frá **FEIF námskeiði á Skeiðvöllum** þar sem 22 ungmenni komu til að þjálfa sig í að sýna kynbótahross. Tókst mjög vel og mikil ánægja með námskeiðið, mikil ásókn í að komast á það. Flestir sem unnu við námskeiðið gáfu vinnu sína. Fundarmenn voru sammála um að þetta væri jákvætt framtak sem vonandi verður framhald á.

Hulda fór stuttlega yfir fjárhagslega stöðu FHB og gerði grein fyrir henni. Innheimta árgjalda framundan, en gjalddagi þeirra er 1. júní.

#### **Önnur mál:**

Vignir sagði frá landbúnaðarsýningu í Eyjafirði í ágúst sem haldin verður í tengslum við handverskhátíðina. Mikið um að vera á svæðinu þessa helgi. Spurning hvort FHB vill koma að þessu einhvern veginn?

Fundarmenn tóku jákvætt í erindið og Vigni og Huldu falið að skoða það áfram.

Hulda las boð frá Hr.Aust um að sækja aðalfund þeirra. Því miður reyndist enginn stjórnarmaður laus til að sækja fundinn, en Huldu falið að svara og þakka gott boð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30.

HGG/hgg